

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/2295**

2017/EES/67/07

frá 16. desember 2016

um breytingu á ákvörðunum 2000/518/EB, 2002/2/EB, 2003/490/EB, 2003/821/EB, 2004/411/EB, 2008/393/EB, 2010/146/ESB, 2010/625/ESB, 2011/61/ESB og framkvæmdarákvörðunum 2012/484/ESB og 2013/65/ESB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í tilteknum löndum skv. 6. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB

(tilkynnt með númeri C(2016) 8353) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 25. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með dómi sínum frá 6. október 2015 í máli C-362/14, *Maximilian Schrems v Data Protection Commissioner* ⁽²⁾, komst Evrópudómstóllinn að þeirri niðurstöðu að með samþykkt 3. gr. ákvörðunar 2000/520/EB ⁽³⁾ hefði framkvæmdastjórnin farið fram úr þeim valdheimildum sem henni eru veittar skv. 6. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, þegar hún er lesin í ljósi sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, og úrskurðaði 3. gr. ákvörðunarinnar ógilda.
- 2) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2000/520/EB er mælt fyrir um með hvaða takmarkandi skilyrðum landsbundnar eftirlitsstofnanir geti ákveðið að stöðva tímabundið gagnafærni til sjálfvottaðs fyrirtækis í Bandaríkjunum, þrátt fyrir niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd.
- 3) Í *Schrems*-dómnum skýrði Evrópudómstóllinn að landsbundnar eftirlitsstofnanir væru áfram lögbærir eftirlitsaðilar með flutningi persónuupplýsinga til þriðja lands sem verið hefur viðfangsefni ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd og að framkvæmdastjórnin hafi ekki valdheimildir til að takmarka valdsvið þeirra skv. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB. Samkvæmt þeirri grein hafa þessar eftirlitsstofnanir rannsóknarheimildir, s.s. heimildir til að afla allra upplýsinga sem þeim er þörf á við eftirlitsstörf sín, vald til að hlutast til um mál með skilvirkum hætti, s.s. að leggja tímabundið eða varanlegt bann á gagnavinnslu, og heimildir til að fara með mál fyrir dóm ⁽⁴⁾.
- 4) Dómstóllinn minnti á það í *Schrems*-dómnum að í samræmi við aðra undirgrein 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, verði aðildarríki og stjórnareiningar þeirra að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta lagagerðum stofnana Sambandsins, þar sem að jafnaði er talið að þessar lagagerðir séu lögmætar og þeim fylgi réttaráhrif þar til þær eru afturkallaðar, dæmdar ógildar eða því lýst yfir að þær séu ógildar í kjölfar beiðni um forúrskurð eða yfirlýsingu um ólögmæti þeirra.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 344, 17.12.2016, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2017 frá 5. maí 2017 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽²⁾ ECLI:EU:C:2015:650.

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalíffsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út (Stjútíð. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7).

⁽⁴⁾ *Schrems-dómurinn*, 40. mgr. o.áfr. og 101.–103. mgr.

- 5) Af þeim sökum er ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd, sem samþykkt er skv. 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, bindandi fyrir allar stjórnareiningar þeirra aðildarríkja sem hún tekur til, þ.m.t. óháðar eftirlitsstofnanir þeirra, svo fremi að hún feli í sér leyfi fyrir flutningi á persónuupplýsingum frá viðkomandi aðildarríki til þess þriðja lands sem fellur undir hana ⁽¹⁾. Af því leiðir að landsbundnum eftirlitsstofnunum er ekki heimilt að samþykkja ráðstafanir sem ganga gegn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd, s.s. gerðir sem lýsa þá ákvörðun ógilda eða sem ætlað er að ákvarða, með bindandi áhrifum, að það þriðja land sem fellur undir hana tryggi ekki fullnægjandi vernd. Eins og skýrt er með *Schrems*-dómnum, kemur þetta ekki í veg fyrir að landsbundin eftirlitsstofnun rannsaki fullyrðingar einstaklings varðandi vernd persónuupplýsinga í þriðja landi sem fellur undir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um fullnægjandi vernd og, telji hún þær vel grundaðar, fari með mál fyrir landsdómstól í því skyni að leggja fram beiðni um forúrskurð í þeim tilgangi að rannsaka lögmæti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar, deili hún efasemdum um lögmæti hennar ⁽²⁾.
- 6) Í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB ⁽³⁾, 2002/2/EB ⁽⁴⁾, 2003/490/EB ⁽⁵⁾, 2003/821/EB ⁽⁶⁾, 2004/411/EB ⁽⁷⁾, 2008/393/EB ⁽⁸⁾, 2010/146/ESB ⁽⁹⁾, 2010/625/ESB ⁽¹⁰⁾ og 2011/61/ESB ⁽¹¹⁾ og framkvæmda-ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 2012/484/ESB ⁽¹²⁾ og 2013/65/ESB ⁽¹³⁾, sem eru ákvarðanir um fullnægjandi vernd, er að finna takmarkanir á völdum landsbundinna eftirlitsstofnana sem eru sambærilegar fyrstu undirgrein 1. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2000/520/EB sem Dómstóllinn taldi ógilda.
- 7) Í ljósi *Schrems*-dómsins og samkvæmt 266. gr. sáttmálans ætti að skipta út ákvæðum þessara ákvarðana sem takmarka völd landsbundinna eftirlitsstofnana.
- 8) Í *Schrems*-dómnum skýrði Dómstóllinn ennfremur að þar sem það verndarstig, sem þriðja land tryggir, kann að breytast, hvílir það á herðum framkvæmdastjórnarinnar, eftir að hún hefur samþykkt ákvörðun skv. 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, að kanna reglulega hvort niðurstöðurnar varðandi það, hvort sú vernd sem þriðja landið tryggir sé fullnægjandi, séu enn byggðar á staðreyndum og lagalega rökstuddar ⁽¹⁴⁾. Í ljósi niðurstaðna í þeim dómi, að því er varðar aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, ætti einnig að fylgjast með reglum og starfsvenjum sem stýra slíkum aðgangi.
- 9) Því mun framkvæmdastjórnin fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í þeim löndum sem um hefur verið tekin ákvörðun um fullnægjandi vernd, að lögum og í reynd, sem gæti haft áhrif á framkvæmd slíkra ákvarðana, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum.
- 10) Til að auðvelda skilvirkt eftirlit með framkvæmd ákvarðana um fullnægjandi vernd, sem nú eru í gildi, ættu aðildarríki að tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi aðgerðir sem landsbundnar eftirlitsstofnanir grípa til.

⁽¹⁾ *Schrems-dómurinn*, 51., 52. og 62. mgr.

⁽²⁾ *Schrems-dómurinn*, 52., 62. og 65. mgr.

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/518/EB frá 26. júlí 2000 sem byggð er á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB og fjallar um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Sviss (Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 1).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/2/EB frá 20. desember 2001 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem er tryggð með kanadísku lögnum um vernd persónuupplýsinga og rafræn skjöl (Canadian Personal Information Protection and Electronic Documents Act) (Stjtið. EB L 2, 4.1.2002, bls. 13).

⁽⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/490/EB frá 30. júní 2003 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Argentínu (Stjtið. ESB L 168, 5.7.2003, bls. 19).

⁽⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/821/EB frá 21. nóvember 2003 um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Guernsey (Stjtið. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 27).

⁽⁷⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/411/EB frá 28. apríl 2004 um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Mön (Stjtið. ESB L 151, 30.4.2004, bls. 48).

⁽⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/393/EB frá 8. maí 2008 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Jersey (Stjtið. ESB L 138, 28.5.2008, bls. 21).

⁽⁹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/146/ESB frá 5. mars 2010 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, um fullnægjandi vernd færeyskra laga um vinnslu persónuupplýsinga (Stjtið. ESB L 58, 9.3.2010, bls. 17).

⁽¹⁰⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/625/ESB frá 19. október 2010 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Andorra (Stjtið. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 27).

⁽¹¹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/61/ESB frá 31. janúar 2011 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Ísrael að því er varðar vélræna gagnavinnslu persónuupplýsinga (Stjtið. ESB L 27, 1.2.2011, bls. 39).

⁽¹²⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/484/ESB frá 21. ágúst 2012 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ að því er varðar vélræna gagnavinnslu persónuupplýsinga (Stjtið. ESB L 227, 23.8.2012, bls. 11).

⁽¹³⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/65/ESB frá 19. desember 2012 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Nýja-Sjálandi (Stjtið. ESB L 28, 30.1.2013, bls. 12).

⁽¹⁴⁾ *Schrems-dómurinn*, 76. mgr. Krafist er slíkrar könnunar, í öllum tilvikum, þegar framkvæmdastjórnin fær hvers kyns upplýsingar sem gefa tilefni til rökstuds efa hvað þetta varðar.

- 11) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað álit sem tekið hefur verið tillit til við gerð þessarar ákvörðunar.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.
- 13) Því ætti að breyta ákvörðunum 2000/518/EB, 2002/2/EB, 2003/490/EB, 2003/821/EB, 2004/411/EB, 2008/393/EB, 2010/146/ESB, 2010/625/ESB og 2011/61/ESB og framkvæmdaákvörðunum 2012/484/ESB og 2013/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2000/518/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnafærni til Sviss í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.“

- 2) Eftirfarandi 3. gr. a bætist við:

„3. gr. a

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Sviss sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Sviss haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Sviss, tryggja ekki slíkt samræmi.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngrip opinberra yfirvalda í Sviss, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngripi.

4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í þeim aðstæðum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru, svissnesku yfirvaldi um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

2. gr.

Ákvörðun 2002/2/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnafærni til viðtakanda í Kanada sem leggur stund á starfsemi sem fellur undir gildissvið kanadísku laganna um vernd persónuupplýsinga og rafræn skjöl, í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.“

2) Eftirfarandi 3. gr. a bætist við:

„3. gr. a

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Kanada sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Kanada haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.
2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Kanada, tryggja ekki slíkt samræmi.
3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngríp opinberra yfirvalda í Kanada, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngrípi.
4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í aðstæðum sem falla undir 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru, kanadísku yfirvaldi um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

3. gr.

Ákvörðun 2003/490/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnafærni til Argentínu í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.“

2) Eftirfarandi 3. gr. a bætist við:

„3. gr. a

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Argentínu sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Argentína haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.
2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Argentínu, tryggja ekki slíkt samræmi.
3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngríp opinberra yfirvalda í Argentínu, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngrípi.
4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í þeim aðstæðum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru argentínsku yfirvaldi um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

4. gr.

Í stað 3. og 4. gr. ákvörðunar 2003/821/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnaflæði til fógetaumdæmisins Guernsey í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Guernsey sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Guernsey haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.
2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd á Guernsey, tryggja ekki slíkt samræmi.
3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngríp opinberra yfirvalda á Guernsey, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngrípi.
4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í þeim aðstæðum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi á Guernsey um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

5. gr.

Í stað 3. og 4. gr. ákvörðunar 2004/411/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnaflæði til Manar í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Manar sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Mön haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.
2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd á Mön, tryggja ekki slíkt samræmi.
3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngríp opinberra yfirvalda á Mön, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngrípi.

4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í þeim aðstæðum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi á Mön um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

6. gr.

Í stað 3. og 4. gr. ákvörðunar 2008/393/EB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnafærni til Jersey í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Jersey sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Jersey haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Jersey, tryggja ekki slíkt samræmi.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbindingar um að inngríp opinberra yfirvalda á Jersey, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngrípi.

4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í þeim aðstæðum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi á Jersey um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

7. gr.

Í stað 3. og 4. gr. ákvörðunar 2010/146/ESB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnafærni til viðtakanda í Færeyjum sem leggur stund á starfsemi sem fellur undir gildissvið færeysku laganna um vinnslu persónuupplýsinga, í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Færeyja sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Færeyjar haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Færeyjum, tryggja ekki slíkt samræmi.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngrip opinberra yfirvalda í Færeyjum, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngripi.

4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í þeim aðstæðum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi í Færeyjum um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

8. gr.

Í stað 3. og 4. gr. ákvörðunar 2010/625/ESB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnaflæði til Andorra í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Andorra sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Andorra haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Andorra, tryggja ekki slíkt samræmi.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngrip opinberra yfirvalda í Andorra, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngripi.

4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í þeim aðstæðum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi í Andorra um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

9. gr.

Í stað 3. og 4. gr. ákvörðunar 2011/61/ESB komi eftirfarandi:

„3. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnaflæði til Ísraelsríkis í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Ísraelsríkis sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Ísraelsríki haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Ísrael, tryggja ekki slíkt samræmi.
3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngrip opinberra yfirvalda í Ísrael, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngripi.
4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í þeim aðstæðum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru ísraelsku yfirvaldi um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

10. gr.

Í stað 2. og 3. gr. framkvæmdaákvörðunar 2012/484/ESB komi eftirfarandi:

„2. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnflæði til Austræna lýðveldisins Úrúgvæs í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Austræna lýðveldisins Úrúgvæs sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Austræna lýðveldið Úrúgvæ haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.

2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ, tryggja ekki slíkt samræmi.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngrip opinberra yfirvalda í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngripi.

4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í þeim aðstæðum sem um getur í 2. og 3. mgr., skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

11. gr.

Í stað 2. og 3. gr. framkvæmdaákvörðunar 2013/65/ESB komi eftirfarandi:

„2. gr.

Þegar lögbær yfirvöld í aðildarríkjum beita valdheimildum sínum skv. 3. mgr. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem leiðir til tímabundins eða endanlegs banns við gagnflæði til Nýja-Sjálands í því skyni að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þeirra, skal hlutaðeigandi aðildarríki, án tafar, upplýsa framkvæmdastjórnina sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast jafnt og þétt með þróun mála í réttarkerfi Nýja-Sjálands sem gæti haft áhrif á framkvæmd þessarar ákvörðunar, þ.m.t. þróun mála varðandi aðgengi opinberra yfirvalda að persónuupplýsingum, í því skyni að meta hvort Nýja-Sjáland haldi áfram að tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga.
2. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem bera ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd á Nýja-Sjálandi, tryggja ekki slíkt samræmi.
3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um hvers konar vísbendingar um að inngrip opinberra yfirvalda á Nýja-Sjálandi, sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, framfylgd laga eða öðrum almannahagsmunum, í réttindi einstaklinga til verndar persónuupplýsingum sínum sé meira en beinlínis er nauðsynlegt, eða að engin skilvirk réttarvernd sé fyrir hendi gegn slíku inngripi.
4. Ef sönnunargögn sýna að fullnægjandi vernd sé ekki lengur tryggð, þ.m.t. í þeim aðstæðum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru yfirvaldi á Nýja-Sjálandi um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fella tímabundið úr gildi þessa ákvörðun eða takmarka gildissvið hennar.“

12. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Věra JOUROVÁ

framkvæmdastjóri.
